

Ytra mat grunnskóla

# Skarðshlíðarskóli

September 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbæ.

Höfundar: Þórdís Hauksdóttir og Hanna Hjartardóttir

© Menntamálastofnun, 2021

ISBN 978-9979-0-2711-9

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill.....	7
Skarðshlíðarskóli.....	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.3 Tengsl við forsjáaraðila og aðra í skólasamfélaginu .....	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	13
2.1 Inntak og námskrá .....	13
2.2. Árangur náms .....	13
2.3 Gæði kennslu .....	16
2.4 Skipulag náms.....	16
2.5 Námsvitund .....	18
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	18
Þáttur 3 – Innra mat .....	20
3.1 Skipulag.....	20
3.2 Framkvæmd.....	20
3.3 Umbætur .....	20

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Skarðshlíðarskóla sem fór fram í september 2021. Lagt var mat á þrjá fyrirfram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn.

Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og sveitarfélagið að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

### Stjórnun og fagleg forysta

#### Styrkleikar

- Stjórnendur vinna markvisst að því að innleiða lærdómsmenningu í skólasamfélaginu.
- Starfsmenn líta á starfsmannahópinn sem eina liðsheild.
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega.
- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum.
- Leitað er eftir sýn og hugmyndum forsjáraðila til að efla skólastarf.
- Lögð er rækt við jákvæðni í daglegu tali og samskiptum allra í skólasamfélaginu.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss og skráð.
- Skólaráð vinnur eftir sérstakri starfsáætlun.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Stjórnendur nýta mannauð innan skólans meðal annars til að stýra umbótaverkefnum.
- Heimasíðan er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Stjórnendur sjá um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk.
- Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Nýir starfsmenn fá sérstakan stuðning í formi fræðslu og handleiðslu.
- Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun sem eflir þá sem faglega leiðtoga.

#### Tækifæri til umbóta

- Skólaráð hafi árlega opinn fund fyrir alla aðila skólasamfélagsins.
- Fjölga kennslustundum á unglíngastigi í valfögum og list- og verkgreinum.
- Gefa færi á að hafa fleiri almenna starfsmannafundi/fjölga almennum starfsmannafundum.
- Birta opinberlega símenntunaráætlun.
- Huga að því að allir aðilar skólasamfélagsins hafi aðkomu að endurskoðun skólareglna, skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Gæta þess að hinn almenni nemandi viti hverjir sitja fyrir hönd þeirra í ráðum og nefndum og hvert er hlutverk þeirra.
- Efla upplýsingaflæði innan skólans, meðal annars við komu nýrra nemenda.
- Huga að því að fylgjast reglulega með starfi alls starfsfólks og veita endurgjöf.
- Gera formlega verkaskiptingu stjórnenda sýnilega.
- Birta á heimasíðu lista yfir starfandi teymi og ábyrgðaraðila þeirra.
- Birta áfallaáætlun á heimasíðu.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Skólahúsnæði er vel hannað fyrir kennslu, nám og aðstöðu fyrir starfsfólk.
- Námsvísar eru greinargóðir og aðgengilegir á vef skólans.
- Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Niðurstöður Skólapúls sýna að þrautseigja í námi og áhugi á stærðfræði, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda og tíðni leiðsagnarmats er marktækt meiri í Skarðshlíðarskóla en á landsvísu.
- Tíðni eineltis er að mati nemenda marktækt minni en á landsvísu.
- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg á vettvangi.
- Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Kraum er samþætting náttúrufræði, samfélagsfræði, íslensku og upplýsingatækni á unglingastigi.
- Mílan er verkefni þar sem allir nemendur ásamt kennara og starfsfólki fara út í 15 mínútur á dag og ganga, skokka eða hlaupa eina mílu.
- Nemendur á mið- og unglingastigi upplifa að þeir fái oft að velja viðfangsefni, útfærslu á verkefnum og námsaðferðir.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu.
- Nemendur upplifa að þeir hafi áhrif á stefnumótun skólans.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður með bekkjarfundum og könnun Skólapúlsins.

### Tækifæri til umbóta

- Stefna ætti að því að gera einstaklingsnámskrár fyrir fleiri nemendur skólans en nemendur með metnar sérþarfir.
- Greina hvað veldur hnignandi árangri nemenda á samræmdum könnunarprófum.
- Gera nemendum á yngri stigum betur grein fyrir hæfniviðmiðum og viðmiðum um árangur.
- Huga betur að bráðgerum nemendum.
- Kennarar gætu nýtt enn betur teymiskennslu en stefna, skipulag og aðstaða styður vel við þá stefnu.
- Efla samvinnu og samstarf nemenda.
- Gæta þess að nemendur hafi tækifæri til að setja sitt mark á einstaklingsbundin markmið.
- Auka hlutfall leiðbeinandi kennslustunda.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda.

## Innra mat

### Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Markmið stefnu skólans í SMT-skólaferli eru metin markvisst og reglubundið.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, bæði eigindlegri og megindegri.
- Greinargerð um innra mat er hluti af starfsáætlun skólans.
- Í greinargerð er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.
- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Sérstakir „líðan-fundir“ eru haldnir að hausti þar sem farið er með forsjáraðilum yfir námslega og félagslega stöðu nemenda.
- Hluti af innra mati er lýðræðisþing með nemendum.

### Tækifæri til umbóta

- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem getur haft áhrif á skipulag og framkvæmd mats.
- Ræða umbætur og þróun við matsteymi skipað fulltrúum allra hagsmunaaðila.
- Birta opinberlega tímasetta umbótaáætlun með verkefnum, þátttakendum, ábyrgðaraðilum, markmiðum (ef við á) og hvenær og hvernig á að meta umbætur.
- Hafa langtímaáætlun (3 -5 ára) þannig að sjá megí hvaða þætti á að meta á hverju skólaári.
- Kynna niðurstöður innra mats, svo sem Skólapúlsins, formlega fyrir nemendum og forsjáraðilum.
- Setja sérstaklega fram innramatsskýrslu líðandi árs og fyrri ára og birta á heimasíðu skóla.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við forsvaraðila og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Skarðshlíðarskóli

Skarðshlíðarskóli hóf starfsemi sína haustið 2017 og var fyrsta veturinn í safnaðarheimili Ástjarnarkirkju með 97 nemendur í 1.-4. bekk. Haustið 2018 fékk skólinn fyrsta hluta af húsnæði sínu afhentan og flutti í Hádegisskarð 1. Haustið 2019 var annar hluti afhentur og haustið 2020 var allt skólahúsnæði skólans tekið í gagnið en það ár var skólinn starfræktur fyrir nemendur í 1.- 9. bekk. Haustið 2021 er fyrsta starfsárið sem 10. bekkur er við skólann.

Í skólabyggingunni er fjögurra deilda leikskóli með aðra stjórnendur og útibú frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Einkunnarorð skólans eru samvinna, vinátta og þrautseigja en þau voru valin af skólasamfélaginu.

Í skólanum eru 317 nemendur á haustönn 2021. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	37	42	27	40	28	37	27	35	14	30
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1	1	1	1	2	1	2

Stjórnendur eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri sem jafnframt er deildarstjóri unglingsstígs og þrjár deildarstjórnar, deildarstjóri tómstundamiðstöðvar, stoðþjónustu og deildarstjóri yngra- og miðstígs.

Starfsmenn Skarðshlíðarskóla eru 63. Kennarar eru 27, þar af fimm sérkennarar. Af kennurum eru fimm leiðbeinendur í 80-100% starfi. Við skólann starfa einnig skólafélagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi. Skóla- og frístundaliðar eru 13.

Við skólann er starfandi frístundarheimilið Skarðssel, vistun fyrir nemendur í 1.-4. bekk eftir skóla, og félagsmiðstöðin Skarðið sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn deildarstjóra.

Nemendur af erlendum uppruna eru 35 og fá 24 nemendur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Alls fá 50 nemendur skilgreinda sérkennslu eða aðlagað námsefni. Nemendur með einstaklingsnámskrá eru 14. Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi.

Fjöldi kennslustunda sem féllu niður á skólaárinu 2020-2021 eftir bekkjum (ekki vegna Covid-19):

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.				2	6	14	5	18	20	

### Upplýsingar vegna Covid-19

Skóla var lokað í einn dag vegna Covid-19 en það var 20. nóvember 2020. Dagleg kennsla var skert í 32 daga hjá 5.-9. bekk og voru þá kenndar fjórar kennslustundir á dag, þá féll niður kennsla í verk- og listgreinum, sundi og íþróttum. Engin fjarkennsla var í skólanum vegna Covid-19.



## Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur Skarðshlíðarskóla stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá. Þeir hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans. Skarðshlíðarskóli er ung stofnun og í upphafi voru allir aðilar skólasamfélagsins með í að móta stefnu og áherslur, meðal annars að ákveða einkunnarorð eða gildi skólans sem eru *samvinna*, *vinátta* og *þrautseigja*. Einkunnarorðin og aðrar stefnur skólans, svo sem SMT-skólafærni (útfærsla á bandarísku aðferðinni Positive Behavior Support), eru sjáanleg í öllum kennslustofum og á göngum skólans.

Áður en Covid-faraldur kom voru stefnur skólans til dæmis ræddar á skólasetningu, skólaslitum og á námskynningum að hausti en nú er stefnunni komið til forsjáraðila á netinu.

Námskrá skólans er uppfærð reglulega og starfsáætlun árlega samkvæmt viðmiðum aðalnámskrá og er birt á heimasíðu sem og skólanámskráin. Fyrst og fremst eru það stjórnendur og annað starfsfólk skólans sem endurnýjar og endurmetur skólanámskrá og starfsáætlun.

Að mati viðmælenda í rýnihópum leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfi, bæði í daglegu tali og fréttáflutningi.

### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf. Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer reglulega fram meðal starfsmanna. Það er einkum á reglulegum kennara- og deildafundum og vikulegum fundum skóla- og frístundaliða. Almennir starfsmannafundir allra í skólanum eru á tveimur skipulagsdögum og áður en skóli hefst og eftir skólaslit að vori.

Símenntunaráætlun byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna. Þar rúmast einnig einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar en í rýnihópi annars starfsfólks kom fram að takmarkaður tími gefst til þess meðan skóli er starfandi. Símenntunaráætlun er til staðar, hefur verið kynnt starfsfólki en ekki birt opinberlega.

Stjórnendur hvetja kennara til að rannsaka og rýna saman í árangur aðgerða í kennslu með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda. Þeir vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu. Skólastjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður ytra gæðamats, svo sem varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra, séu nýttar til að efla starf skólans.

Að mati allra aðila í rýnihópum er starfsmannahópurinn sem ein liðsheild þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

### 1.3 Tengsl við forsjáraðila og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Vegna hamlana af Covid-faraldri hefur þó verið meira um óformleg samskipti á liðnum misserum. Sem dæmi um formlega fundi eru fundir að hausti sem nefnast „líðan-fundir“. Þar koma forsjáraðilar hvers árgangs/bekkjara

saman auk umsjónarkennara og deildarstjóra og rætt er bæði um náms- og félagslega þætti hvers nemanda. Að mati forsjáraðila eru samskiptin við þá og foreldrafélagið góð og gagnvirk.

Leitað er eftir sýn og hugmyndum forsjáraðila til dæmis með opnum spurningum í Skólalámsi<sup>1</sup> og einnig geta þeir komið fram með hugmyndir og ábendingar á heimasíðu skólans, nafnlaust.

Upplýsingar um skólastarfið berast fyrst og fremst með vikulegum póstum umsjónarkennara til forsjáraðila, með skráningu á Mentor og á heimasíðu skólans. Í rýnihópum kom fram að lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum. Einnig sendir deildarstjóri Skarðssels vikulega póst til forsjáraðila.

Í skólanámskrá er skráð hvernig samskipti eru við leikskóla, en það eru markvissar heimsóknir og samvera enda leikskólinn Skarðshlíðarleikskóli í sama húsnæði. Tónlistarskóli er einnig til staðar í skólahúsnæðinu og nemendur eiga kost á að sækja einkakennslu í hljóðfæraleik á skólatíma. Þessir þrír aðilar, grunn- og leikskóli auk tónlistarskólans, hafa tekið upp formlegar samræður um hvernig auka megi samvinnu og samstarf þessara aðila, verkefnið heitir Saman í takt.

Samskiptin við framhaldsskóla eru einnig skráð. Þau eru einkum við Flensborgarskóla og felast meðal annars í því að nemendur í unglingadeild geta tekið fög í framhaldsskólanum sem valgrein. Undir lok grunnskólanámsins fá nemendur fræðslu um hvers konar nám er til boða í framhaldsskólum.

Tengsl við grenndarsamfélagið felast meðal annars í heimsóknum í söfn bæjarins, þar á meðal Bókasafn Hafnarfjarðar. Auk þess er samstarf við íþróttafélögin í bænum og geta nemendur í unglingadeild fengið íþróttæfingar metnar sem valfag.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og stuðlar að virkri þátttöku þess. Skólaráð hefur sett upp starfsáætlun sem birt er á heimasíðu skólans og frá og með þessu skólaári verða fundargerðir ráðsins einnig birtar á heimasíðu. Skólaráð hefur ekki verið með opna fundi, sbr. reglugerð um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008 en í starfsáætlun þessa árs er gert ráð fyrir því.

Deildarstjóri frístundastarfs í skólanum ber bæði ábyrgð á Skarðsseli, vistun fyrir nemendur í 1. -4. bekk eftir skóla, og tómstundastarfi nemenda sem fer fram í félagsmiðstöðinni Skarðinu. Deildarstjórinn er einn af stjórnendateymi skólans sem fundar reglulega.

#### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda. Niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur í skólastarfi og þær eru nýttar til umbóta.

Umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans svo og upplýsingum úr innra og ytra mati á starfinu. Fjölmörg þróunarverkefni hafa verið og eru í gangi og má þar nefna innleiðingu SMT-stefnu, snemmtæka íhlutun, teymiskennslu og innleiðingu á UDL (Universal Design for Learning eða altæka hönnun náms). Helstu markmið UDL eru að greina hindranir í námsumhverfinu og fella þær þannig að komið sé til móts við alla nemendur á þeirra forsendum, styðja þannig við skóla án aðgreiningar og stuðla að auknum jöfnuði.

Stjórnendur eiga aðkomu að umbóta- og þróunarverkefnum, ýmist sem ábyrgðaraðilar eða með því að sitja fundi. Framgangur þróunarvinnu er skráður reglulega og fundargerðir eru aðgengilegar starfsfólki skólans. Í símenntunaráætlun er skráð og gert ráð fyrir þeirri starfsþróun sem þróunarverkefni krefjast.

---

<sup>1</sup> Skólalámsi er vefkerfi sem leggur staðlaðar foreldra-, nemenda- og starfsmannakannanir fyrir skóla.

### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu. Í könnunum Skólapúlsins svo og í viðtölum kom fram að sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og að störf stjórnenda þykja farsæl. Að mati starfsfólks eru samskipti góð og daglegt starf vel skipulagt. Þó kom fram að upplýsingaflæði innan húss mætti vera betra. Var nefnt sem dæmi að þegar nýir nemendur koma í skólann þegar skólaár er hafið, þyrfti að upplýsa alla sem fyrst um aðstæður þeirra, einkum ef þær krefjast sértækra lausna.

Teymi innan skólans sér aðallega um endurskoðun skólareglna sem eru gerðar út frá SMT. Bekkjarreglur eru gerðar í hverjum árgangi með aðkomu nemenda og sama gildir um reglur um símanotkun. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeim eru kynnt öryggismál, þar með talið netöryggi.

Í aðalnámskrá er gert ráð fyrir að valgreinar á unglingsstigi, auk list- og verkgreina, séu allt að níu kennslustundir á viku í hverjum árgangi en í Skarðshlíðarskóla eru þær sjö.

Áfallateymi er starfandi í skólanum og fjallað um það í starfsáætlun. Einnig er til áfallaáætlun en hún er ekki birt á heimasíðu.

Á heimasíðu er fjallað um nemendaráð og hlutverk þess sem snýr ekki síst að félagsmálum nemenda. Nemendaráðið upplýsir aðra nemendur um þau málefni sem það fjallar um, oftast með því að fara í kennslustundir og ræða málin. Fulltrúar í skólaráði eru virkir þátttakendur þar en tengsl þeirra við hinn almenna nemanda eru ekki mjög sýnileg.

### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist sem best í skólastarfi. Þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.

Áður en Covid-faraldurinn hófst fylgdust stjórnendur reglulega með námi og kennslu, heimsóttu nemendur í kennslustundir og veittu kennurum endurgjöf. Í innramatsáætlun þessa starfsárs er gert ráð fyrir að slíkt verði tekið upp aftur.

Nýtt starfsfólk og nýútskrifaðir kennarar fá sérstakan stuðning. Nýir kennarar fá einn tíma í kennsluafslátt og leiðsagnarkennara sem þeir hitta reglulega og geta leitað til. Nýtt starfsfólk mætir allt að hálfum mánuði áður en skóli byrjar og fær leiðsögn og fræðslu um sérstakar áherslur skólans svo sem SMT-skólafærni. Nýttur er gátlisti með atriðum sem þarf að upplýsa um við upphaf starfa og einnig ræða stjórnendur einslega við allt nýtt starfsfólk um það bil mánuði eftir að það tekur til starfa. Starfsþróunarsamtal við allt starfsfólk fer svo fram einu sinni á ári.

### 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun sem eflir þá í starfi og sem faglega leiðtoga. Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfi. Það á bæði við um verkefni sem hafa verið í þróun svo og nýbreytniverkefni. Í starfsmannahandbók eru öll þessi verkefni skráð, svo og ábyrgðaraðilar, en ekki birt að öðru leyti.

Í rýnihópum kom fram að starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Hugað er að heilsuefingu starfsfólks með því að fara reglulega í göngur, einnig er nuddstóll og fótanuddtæki til staðar. Allt starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar fær frítt í sundlaugar bæjarins og boðið er upp á hafragraut og ávexti á morgnana.

Í Skarðshlíðarskóla er í gangi sérstakt verkefni, Mílan, sem snýr að því að daglega fara allir nemendur í útivist í 15 mínútur með sínum umsjónarkennara.

#### Styrkleikar

- Stjórnendur vinna markvisst að því að innleiða lærdómsmenningu í skólasamfélaginu.
- Starfsmenn líta á starfsmannahópinn sem eina liðsheild.
- Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer fram reglulega.
- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum.
- Leitað er eftir sýn og hugmyndum forsjáraðila til að efla skólastarf.
- Lögð er rækt við jákvæðni í daglegu tali og samskiptum allra í skólasamfélaginu.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss og skráð.
- Skólaráð vinnur eftir sérstakri starfsáætlun.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Stjórnendur nýta mannauð innan skólans meðal annars til að stýra umbótaverkefnum.
- Heimasíðan er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar.
- Stjórnendur sjá um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk.
- Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Nýir starfsmenn fá sérstakan stuðning í formi fræðslu og handleiðslu.
- Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun sem eflir þá sem faglega leiðtoga.

#### Tækifæri til umbóta

- Skólaráð hafi árlega opinn fund fyrir alla aðila skólasamfélagsins.
- Fjölga kennslustundum á unglíngastigi í valfögum og list- og verkgreinum.
- Gefa færi á að hafa fleiri almenna starfsmannafundi/fjölga almennum starfsmannafundum.
- Birta opinberlega símenntunaráætlun.
- Huga að því að allir aðilar skólasamfélagsins hafi aðkomu að endurskoðun skólareglna, skólanámskrár og starfsáætlunar.
- Gæta þess að hinn almenni nemandi viti hverjir sitja fyrir hönd þeirra í ráðum og nefndum og hvert er hlutverk þeirra.
- Efla upplýsingaflæði innan skólans, meðal annars við komu nýrra nemenda.
- Huga að því að fylgjast reglulega með starfi alls starfsfólks og veita endurgjöf.
- Gera formlega verkaskiptingu stjórnenda sýnilega.
- Birta á heimasíðu lista yfir starfandi teymi og ábyrgðaraðila þeirra.
- Birta áfallaáætlun á heimasíðu.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Skólastefna Hafnarfjarðar er frá árinu 2009 og tekur skólastefna Skarðshlíðarskóla mið af skólastefnu sveitarfélagsins en þar er meðal annars lögð áhersla á að skólahúsnæði sé vel hannað fyrir kennslu, nám og aðstöðu fyrir starfsfólk sem og að aðstaðan taki mið af þörfum nemenda og að skipulag í skólum gefi nemendum kost á samfelldum vinnudegi. Skólahúsnæði Skarðshlíðarskóla er hannað með stefnu sveitarfélagsins að leiðarljósi og í öllum rýnihópum kom fram ánægja með aðstöðu almennt í skólanum.

Skólinn er á lokaári innleiðingar á SMT-skólafærni en markmið þeirrar hugmyndafræði er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks með því að draga úr óaskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, hvetja til jákvæðrar hegðunar með markvissum hætti og samræma vinnubrögð starfsfólks gagnvart nemendum. Matsmenn sáu á vettvangi hvernig kerfið er nýtt á ýmsan hátt. Í öllum kennslustofum mátti sjá SMT-veggspjöld og nemendur, sérstaklega á yngri stigum, voru mjög meðvitaðir um hrós og umbun sem þeim fylgdi.

Námsvísar/árganganámskrár eru aðgengileg á vef skólans og verkefni og hæfniviðmið eru aðgengileg á Google Classroom. Námsvísar endurspeglar áherslu stjórnvalda, svo sem um hæfniviðmið í aðalnámskrá grunnskóla. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísunum og fram kemur hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda. Námsvísar eru greinargóðir og eru kynntir fyrir nemendum og forsjáraðilum á haustin og eldri nemendur eru hvattir til að nýta sér kennsluáætlanir á Google Classroom.

Sérstakur stuðningur við nemendur fer ýmist fram innan námsumhverfis bekkjar eða í sérkennslurými, fer eftir þörfinni. Markmiðið er, að sögn stjórnenda að nemendur tilheyri bekk og séu að mestu þátttakendur í almenntri kennslu en oft henti betur að fá næði í sérkennslurými. Stuðningur við einstaka nemendur með metnar sérþarfir er skipulagður með einstaklingsnámskrá og er hann almennt fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Í áætlun um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er hverju sinni.

### 2.2 Árangur náms

Í skólastefnu Hafnarfjarðar kemur fram að lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og að mikilvægt sé að þróa fjölbreyttar leiðir í námsmati. Í Skarðshlíðarskóla er reglulega fylgst með námi, árangri og framförum hvers nemanda og allra nemendahópa og árangur skráður af kennurum í Mentor. Í námsvísunum Skarðshlíðarskóla kemur fram að lögð er áhersla á leiðsagnarmat sem fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Stöðumat fer fram tvisvar á skólaárinu með viðtali nemenda og forsjáraðila og umsjónarkennara og í lok skólaárs fer fram lokamat, en meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína og nám vetrarins og gefa honum einkunn og umsögn fyrir frammistöðu. Nemendur með lestrarvanda fá tækifæri til að lesa inn verkefni, sumir nemendur fá ritara. Unnið er úr og með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda, í rýnihópum kom fram að kennarar fara sameiginlega yfir niðurstöður til dæmis samræmdra könnunarprófa og rýna hvað þarf að skoða betur. Á síðasta skólaári var til dæmis sett af stað stærðfræðiátak vegna niðurstaðna samræmdra könnunarprófa.

Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá og viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og aðgengileg á vef skólans, á Google Classroom og á Mentor.


Skólinn notar Skólapúlsinn til að kanna líðan nemenda í 1.-10. bekk, virkni þeirra í námi, skólastarf almennt og bekkjaranda. 18 matsþættir eru metnir hjá 1.-5. bekk og 20 matsþættir metnir hjá 6.-10. bekk. Líðan nemenda í Skarðshlíðarskóla er samkvæmt niðurstöðum úr Skólapúlsi sambærileg líðan annarra nemenda á landinu og í könnun Skólapúls kom fram að 94% forsjáraðila telja að börnum þeirra líði almennt mjög eða frekar vel í skólanum. Þrautseigja í námi og áhugi á stærðfræði er marktækt meiri í Skarðshlíðarskóla en á landinu. Samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda og tíðni leiðsagnarmats er að mati nemenda marktækt meiri en á landsvísu. Tíðni eineltis er að mati nemenda marktækt minni en á landsvísu.

### Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnarkvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0-60, meðaltalið er 30.


Hér að neðan má sjá samantekt samræmdra könnunarprófa hjá 4. bekk og 7. bekk í Skarðshlíðarskóla.

Árangur 4. bekkjar í íslensku og stærðfræði hefur sveiflast síðustu ár og dalar árið 2020.



Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.


Árangur 7. bekkjar í íslensku og stærðfræði hefur dalað allnokkuð á milli ára og mælist nú fyrir neðan meðaltal.



Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.


### Lesferill

Skarðshlíðarskóli notast við matstækið Lesferil (matstæki Menntamálastofnunar sem metur grunnþætti læsis) þar sem meðal annars er fylgst með lesfimi nemenda. Myndir 3 og 4 sýna leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit) á mynd 3.



Mynd 3. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiðs.

Þegar línuritið (mynd 4) er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda var í maí 2021 við landsmeðaltal í 1.-5. bekk en undir landsmeðaltali í 6.-8. bekk og við landsmeðaltal í 9. bekk.




Mynd 4. Meðaltal lesinna orða og viðmið.

### 2.3 Gæði kennslu

Matsaðilar sátu í vettvangsathugunum í 30 kennslustundum hjá öllum námshópum, hjá flestum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundirnar voru metnar góðar eða frábærar en nokkrar stundir þörfnuðust úrbóta.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleyti sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Í 80% kennslustunda sem matsaðilar sátu voru fræðandi kennsluhættir og leiðbeinandi í 17%. Í 3% kennslustunda voru kennsluhættir blanda af fræðandi og leiðbeinandi.



Mynd 5. Kennsluhættir.

Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg á vettvangi. Nokkuð fjölbreyttir kennsluhættir sátust í vettvangsathugun og skipulag kennslu og verkefna var gott, námstími nemenda var vel nýttur. Nemendur á unglíngastigi hafa aðgang að markmiðum á Google Classroom og á Mentor en í meirihluta þeirra stunda sem matsaðilar sátu var nemendum hvorki gerð grein fyrir markmiðum stunda né hæfniviðmiðum sem unnið var með í stundinni.

Markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlunum en skerpa mætti á framsetningu og samræma kennsluáætlanir með tilliti til markmiða. Í áætlunum er gerð grein fyrir tengslum markmiða kennslu við aðalnámsskrá. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni og í sumum kennslustundum voru námsmarkmið einstaklingsmiðuð. Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum. Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings við einstaka nemendur með metnar sérþarfir er háttáð. Reynt er að huga að því að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi, skólanum stendur til boða að vera í samstarfi við Flensborg. Í rýnihópum kom fram að bráðgerir nemendur fái að halda áfram í námi en það sé misjafnt eftir bekkjum hvernig komið er til móts við þá.

### 2.4 Skipulag náms

Nemendur í Skarðshlíðarskóla eru 317 talsins og er kennt í 12 námshópum. Kennarar hafa verið í innleiðingu á þróun á teymisvinnu, þar sem markmiðið er að tveir eða fleiri kennarar eru samábyrgir fyrir kennslu í tilteknum árgangi. Kennarar bera að mestu sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu en misjafnt er eftir kennurum og bekkjum hvort þeir nýti teymiskennslu. Skipulag og aðstaða



styður við stefnu skólans um teymiskennslu. Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum í skólanum. *Kraum* er samþætting náttúrufræði, samfélagsfræði, íslensku og upplýsingatækni á unglíngastigi, þannig eru þematengd verkefni unnin þvert á námsgreinar allt skólaárið. Skarðshlíðarskóli er í þróunarverkefni með leikskóla og tónlistarskóla um að koma markvisst meiri tónlist inn í flestar námsgreinar. Kennarar hafa unnið að innleiðingu á upplýsingatækni í almennar námsgreinar.


Eitt af því sem skoðað er í matinu er notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum.

Nemendur nýta upplýsingatækni á ýmsan hátt í kennslustofunni, til að afla þekkingar og leikni. Í rúmlega þriðjungu kennslustunda sem matsaðilar sátu nýttu nemendur sér upplýsingatækni á einn eða annan hátt. Kennarar nýttu upplýsingatækni í 13% kennslustunda.

UDL er eitt af þróunarverkefnum skólans en þar er lögð áhersla á að fjarlægja hindranir úr umhverfi til að koma til móts við þarfir, þroska og getu nemenda. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda.

Mílan er verkefni að skoskri fyrirmynd, um 5000 þúsund skólar víðs vegar um heiminn eru þátttakendur í verkefninu. Daglega fara allir nemendur út ásamt kennara og starfsfólki í 15 mínútur og ganga, skokka eða hlaupa eina mílu. Gert er ráð fyrir Mílunni í stundaskrá nemenda en einu sinni í viku fara allir nemendur skólans saman í frímínútum.

Kennslustundir sem matsmenn sátu eru skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í vettvangsathugun unnu nemendur í 63% kennslustunda í einstaklingsvinnu en í 20% stunda unnu nemendur bæði einstaklingslega eða í samvinnu við aðra. Í 17% kennslustunda voru nemendur eingöngu í markvissri samvinnu við aðra nemendur (mynd 6).



Mynd 6. Námsathafnir.

Umsjónarkennari veitir nemendum og forsjáraðilum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara, meðal annars í gegnum Mentor og Google Classroom. Einnig fara samskipti við forsjáraðila fram með tölvupósti og/eða símtölum. Námsamtöl sem eru nemendastýrð eru tvisvar yfir skólaárið. Nemendur fara þá yfir hvernig er að ganga í skólanum og sýna verkefni sem þeir eru stoltir af. Kennari er með og tekur þátt í samtalinu með nemendum og forsjáraðilum. Á fundunum er einnig farið yfir líðan nemenda

út frá gátlistum sem þeir fylla út fyrir samtalið. Á haustin er haldin kynning á skólastarfi fyrir forsjáraðila í hverjum árgangi og í framhaldi af því fá forsjáraðilar tækifæri til að segja frá væntingum og líðan barna sinna gagnvart nýju skólaári á svokölluðum „líðan-fundum“.

Nemendum í 8.-10. bekk gefst kostur á að velja á milli fjölbreyttra námsgreina í valgreinum meðal annars í list- og verkgreinum, en einnig hafa þeir tækifæri til að nýta nám utan skóla sem hluta af valgreinum.

## 2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir og virkir í þeim kennslustundum sem matsaðilar sátu í vettvangsathugun. Nemendur á unglíngastigi þekkja hæfniviðmiðin og hafa aðgang að þeim ásamt áætlunum á Google Classroom. Yngri nemendur sem matsmenn ræddu við virtust ekki þekkja hæfniviðmið en þar liggja tækifæri til að efla námsvitund nemenda, þannig að þeir viti að hverju þeir stefni í hverju viðfangsefni eða verkefni fyrir sig. Mikilvægt er að kynna hæfniviðmiðin fyrir öllum nemendum skólans, til dæmis í upphafi hvers verkefnis eða kennslustundar. Nemendur hafa fengið tækifæri til að setja sér markmið í sumum kennslustundum og í UDL er nemendum kennt að setja sér markmið í nemendaviðtölum. Forsjáraðilar og í sumum tilvikum nemendur eru með í ráðum um einstaklingsbundin markmið en gæta þarf þess að nemendur hafi alltaf tækifæri til að setja sitt mark á einstaklingsbundin markmið.

Áhugasvið og margvíslegir hæfileikar eru sýnilegir í verkum nemenda. Nemendur á mið- og unglíngastigi upplifa að þeir fái oft að velja viðfangsefni, útfærslu á verkefnum og námsaðferðir en í yngri bekkjum upplifa nemendur að kennarinn ráði oftast. Nemendur á mið- og unglíngastigi segjast fá að vinna áhugasviðverkefni „20 times“ en það gengur út á það að 20% af kennslustundum í Kraumi fá nemendur að vinna að verkefnum sem þau velja sjálf. Á miðstigi er „20 times“ fastur tími í stundatöflu þar sem þau fá að vinna að áhugasviðsverkefnum. Á vorin er einnig áhugasviðsverkefni á miðstigi sem endar í sýningu fyrir forsjáraðila.

Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu og í rýnihópi nemenda kom fram að þeir noti oft sjálfsmat. Þeir fá þjálfun í fjölbreyttum kennsluáðferðum og hafa í stigvaxandi mæli kost á að velja námsaðferðir eftir viðfangsefni og námsstíl og það er vel sýnilegt á unglíngastigi. Í stefnu skólans er lögð áhersla á leiðsagnarmat sem miðar að því að hjálpa og leiðbeina nemendum til að ná þeim viðmiðum sem lagt er upp með í námsferlinu, að það gerist í daglegri samræðu skólastarfsins. Matsmenn sáu dæmi um leiðsagnarmat í nokkrum kennslustundum sem þeir sátu.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarf. Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað, haldnir eru reglulegir bekkjarfundir í öllum bekkjum, nemendur taka þátt í skólaráði og nemendaráði. Fyrirhugað var að halda lýðræðisþing á síðasta skólaári en það féll niður vegna Covid-19 en er á dagskrá á núverandi skólaári.

Nemendur upplifa að þeir hafi áhrif á stefnumótun skólans, þeir séu spurðir og fái að segja sína skoðun. Nemendur tóku til dæmis þátt í vali á húsgögnum áður en skólahúsnæðið var tekið í gagnið. Yngri nemendur segja að tekin sé lýðræðisleg ákvörðun um fiðrildaveislur, en það er veisla sem haldin er þegar bekkur hefur safnað ákveðnum fjölda fiðrilda sameiginlega sem umbun fyrir góða hegðun. Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður með könnun Skólápúls og fyrrnefndum „líðan-fundum“. Fulltrúar í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans fá leiðbeiningar á fundum um hvernig þeir eigi að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fulltrúar ráða og nefnda koma stundum

með upplýsingar um ákvarðanir á fundum og tilkynna inni í stofu yfir allan nemendahópinn. Fram kom í rýnihópi nemenda að þeir vildu litlu breyta við skólann.

#### Styrkleikar

- Skólahúsnaði er vel hannað fyrir kennslu, nám og aðstöðu fyrir starfsfólk.
- Námsvísar eru greinargóðir og aðgengilegir á vef skólans.
- Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Niðurstöður Skólapúls sýna að þrautseigja í námi og áhugi á stærðfræði, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda og tíðni leiðsagnarmats er marktækt meiri í Skarðshlíðarskóla en á landsvísu.
- Tíðni eineltis er að mati nemenda marktækt minni en á landsvísu.
- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg á vettvangi.
- Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Kraum er samþætting náttúrufræði, samfélagsfræði, íslensku og upplýsingatækni á unglingastigi.
- Mílan er verkefni þar sem allir nemendur ásamt kennara og starfsfólki fara út í 15 mínútur á dag og ganga, skokka eða hlaupa eina mílu.
- Nemendur á mið- og unglingastigi upplifa að þeir fái oft að velja viðfangsefni, útfærslu á verkefnum og námsaðferðir.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu.
- Nemendur upplifa að þeir hafi áhrif á stefnumótun skólans.
- Leitað er sjónarmiða nemenda um líðan og félagslegar aðstæður með bekkjarfundum og könnun Skólapúlsins.

#### Tækifæri til umbóta

- Stefna ætti að því að gera einstaklingsnámskrár fyrir fleiri nemendur skólans en nemendur með metnar sérþarfir.
- Greina hvað veldur hnignandi árangri nemenda á samræmdum könnunarprófum.
- Gera nemendum á yngri stigum betur grein fyrir hæfniviðmiðum og viðmiðum um árangur.
- Huga betur að bráðgerum nemendum.
- Kennarar gætu nýtt enn betur teymiskennslu en stefna, skipulag og aðstaða styður vel við þá stefnu.
- Efla samvinnu og samstarf nemenda.
- Gæta þess að nemendur hafi tækifæri til að setja sitt mark á einstaklingsbundin markmið.
- Auka hlutfall leiðbeinandi kennslustunda.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda.

## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Í starfsáætlun er rætt um stefnumörkum sem snýr að mati bæði hvað varðar áherslur og markmið Hafnarfjarðarbæjar, Fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar svo og skólans.

Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu að mati viðmælenda í Skarðshlíðarskóla. Innra mat er samofið daglegu skólastarfi. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starf sitt. Þar er rætt um kannanir allra aðila í Skólápúlsi, starfsþróunarsamtöl, „líðan-fundi“ með forsjáraðilum að hausti, sérstakar kannanir hjá starfsfólki, til dæmis varðandi stjórnun skólans og starfshætti og í verkefnaskrá um innra mat er gert ráð fyrir svokölluðu lýðræðisþingi í nóvember. Þingið er með nemendum skólans þar sem þeir geta komið með hugmyndir og haft áhrif á skólastarfið.

Í skólanámskrá er áætlun um verkefni til þriggja ára (langtímaáætlun) en þar er þess ekki getið hvaða þætti á að taka fyrir í innra mati hvers árs.

Eins og fram kom í kafla 1.6 var hluti af innra mati skólans fyrir Covid-faraldur að stjórnendur fóru reglulega í heimsóknir í kennslustofur og fylgdust með og gáfu endurgjöf. Slíkt mat er á áætlun skólans á þessu ári.

Mat á stefnu skólans fer fram með þeim hætti að í SMT-skólafærni er innbyggt matstæki þar sem gert er ráð fyrir að matsaðili úr öðrum grunnskóla bæjarins meti stöðuna í skólanum. Það hefur verið gert þar til síðastliðið ár, þá var það í höndum stjórnenda Skarðshlíðarskóla vegna Covid-faraldurs.

### 3.2 Framkvæmd

Nám og kennsla er metið reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Framkvæmd matsins og ákvörðun um matsaðferðir er fyrst og fremst í höndum stjórnenda. Niðurstöður, sem aflað er af aðilum utan skólans, svo sem samræmdra könnunarprófa og Lesferils, eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti til umbóta.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans, bæði eigindlegar og megingdlegar, og auk þeirra sem getið var um í kafla 3.1 er nýlega búið að setja „hnapp“ á heimasíðu skólans þar sem forsjáraðilar geta nafnlaust komið fram með sínar hugmyndir og/eða ábendingar varðandi skólastarfið.

Þegar félagsmiðstöðin Skarðið var innréttuð á síðasta skólaári voru nemendur hafðir með í ráðum, meðal annars við að velja húsgögn.

### 3.3 Umbætur

Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja á virku innra mati og öðrum gögnum. Annar kafli í starfsáætlun IV sem eru almennar áætlanir er skýrsla um innramat skólans á liðnu ári, auk þess sem sagt er frá stöðu þróunarverkefna. Þar kemur fram að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst. Glegggra væri að árleg innramatsskýrsla skólans væri sérstaklega sett fram á heimasíðu ásamt innramatsskýrslum fyrri ára. Matsmenn fengu í hendur umbótaáætlun yfirstandandi skólaárs þar sem koma fram verkefni, markmið, tímasetningar og ábyrgðaraðilar en ekki alltaf hverjir eru þátttakendur og hvernig og hvenær á að meta umbætur.

Niðurstöður innra mats eru formlega kynntar á kennara- og starfsmannafundum. Á þeim fundum eiga sér einnig stað samræður um þróun og umbætur. Skólaráði eru formlega kynntar allar niðurstöður í innra mati en aðrir hafa tækifæri til að sjá niðurstöður þegar greinargerð birtist á heimasíðu.

Matsframkvæmdin er metin reglulega, meðal annars með því að skólastjórnendur nýta hálfan dag í hverjum mánuði til þess að fara yfir umbótaáætlun og innramatsáætlun og fylgjast þannig með því hvernig verkefni standa. Þá er einnig skoðuð staða þróunarverkefna.

#### Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Markmið stefnu skólans í SMT-skólaferli eru metin markvisst og reglubundið.
- Val matsþátta byggir með skýrum hætti á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun, bæði eigindlegri og megindlegri.
- Greinargerð um innra mat er hluti af starfsáætlun skólans.
- Í greinargerð er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.
- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Sérstakir „líðan-fundir“ eru haldnir að hausti þar sem farið er með forsjáraðilum yfir námslega og félagslega stöðu nemenda.
- Hluti af innra mati er lýðræðisþing með nemendum.

#### Tækifæri til umbóta

- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem getur haft áhrif á skipulag og framkvæmd mats.
- Ræða umbætur og þróun við matsteymi skipað fulltrúum allra hagsmunaaðila.
- Birta opinberlega tímasetta umbótaáætlun með verkefnum, þátttakendum, ábyrgðaraðilum, markmiðum (ef við á) og hvenær og hvernig á að meta umbætur.
- Hafa langtímaáætlun (3 -5 ára) þannig að sjá megi hvaða þætti á að meta á hverju skólaári.
- Kynna niðurstöður innra mats, svo sem Skólapúl síns, formlega fyrir nemendum og forsjáraðilum.
- Setja sérstaklega fram innramatskýrslu líðandi árs og fyrri ára og birta á heimasíðu skóla.